

Tæknilæsi og tölvuhæfni: Vinnuumhverfi samtímans

Framvegis – miðstöð símenntunar

Lok verkefnis: 4.3.2021

1. Heiti verkefnis og nafn styrkþega

Tæknilæsi og tölvuhæfni: Vinnuumhverfi samtímans. Framvegis – miðstöð símenntunar.

2. Um verkefnið

Í verkefninu felst að skrifa námskrá með hæfniviðmiðum sem miða að því að efla markhóp framhaldsfræðslunnar í takt við kröfur 4. iðnbyltingarinnar um tæknilæsi og tölvuhæfni.

3. Markmið verkefnis

Markmið verkefnisins voru að hanna námskrá sem svarar þörfum einstaklinga í markhópi framhaldsfræðslunnar og atvinnulífsins þar sem tæknilæsi og tölvufærni námsmanna verður eflid með það að leiðarljósi að undirbúa fólk til þátttöku í atvinnulífinu til framtíðar í hinum ýmsu atvinnugreinum og starfstéttum.

4. Hverjir voru helstu samstarfsaðilar?

Tækninám.is

5. Hver er helsti ávinningur af verkefninu fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar?

Námskránni er ætlað að mæta þörfum markhópsins með það að markmiði að tæknileg færni sé í takt við hæfniþarfir atvinnulífsins. Engin skilgreind inntökuskilyrði verða í námið.

6. Lokaafurð/ir verkefnis

Námskráin [Tæknilæsi og tölvufærni: vinnuumhverfi samtímans](#) sem hefur hlotið vottun Menntamálastofnunar – [sjá hér](#).